

Hafnarfjarðarbær
Umhverfis- og framkvæmdasvið
Norðurhelli 2
221 Hafnarfjörður

GHE Garðabær 1. júlí 2013

Á fundi heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis þann 24. júní 2013 var lagt fram erindi Hafnarfjarðarbæjar frá 3. júní 2013 „Hávaðakort samkv. Tilksipun EU 2002/49/EC og skrá yfir stóra vegi. Til umfjöllunar er hjá bæjarstjórn Hafnarfjarðar að auglýsa til kynningar aðgerðaráætlun skv. 11. gr. reglugerðar nr. 1000/2005.

Berghóra Kristinsdóttir og Ólafur Daníelsson frá Verkfræðistofunni Eflu mættu á fundinn og kynntu vinnu við gerð aðgerðaáætlana vegna hávaða í Kópavogi, Hafnarfirði og Garðabæ. Heilbrigðisnefnd þakkaði fyrir kynninguna og sveitarfélögunum fyrir að vera byrjuð á þessu verkefni.


Eftirfarandi bókun var gerð:

„Aðgerðaáætlun gegn hávaða 2013-2018 í Hafnarfirði

Lagt fram erindi Hafnarfjarðarbæjar frá 3. júní 2013 þar sem óskað er umsagnar um drög að aðgerðaráætlun í hávaðamálum 2013-2018.”

Heilbrigðisnefnd veitir jákvæða umsögn um aðgerðaráætlunina.

Virðingarfyllst,
f.h. heilbrigðisnefndar.


Guðmundur H. Einarsson,
framkvæmdastjóri.

